


ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Samningur milli Byggðasamlags Vestfjarða og Ísafjarðarbæjar.



Þann 1. janúar 2011 tóku sveitarfélög við þeirri þjónustu sem ríkið hefur veitt fötluðu fólki og lögum um málefni fatlaðs fólks breytt í samræmi við það, einnig var samkomulag gert um tilfærslu þjónustunnar milli ríkis og sveitarfélaga. Þessi þjónustusamningur er gerður milli Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) og fjögurra félagsþjónustusvæða sem taka að sér að sinna þjónustunni í samræmi við lög um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga.

Þjónustusamningur þessi er endurnýjun á þjónustusamningi sem samþykktur var í mars 2016. Með þessum þjónustusamningi fylgja (þrír) viðaukar þar sem þjónustan/samkomulagið er nánar útfært, viðaukarnir eru endurskoðaðir ár hvert í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Verkkaupi BsVest gerir samning við fjögur félagsþjónustusvæði á Vestfjörðum og eru þau eftirfarandi:

Félagsþjónustusvæði Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps (Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu).

Félagsþjónustusvæði Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Strandabyggðar og Reykhólahrepps. (Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps).

Félagsþjónusta Bolungarvíkurkaupstaðar

Félagsþjónustusvæði Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps.

I. KAFLI

INNTAK, MARKMIÐ, VERKEFNI OG VERKLAG

1. GREIN

Verksali tekur að sér að veita fötluðum börnum og fullorðnum á starfssvæði sínu þjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Starfssvæði verkkaupa eru öll sveitarfélög á Vestfjörðum.

Samningurinn tekur til þeirrar þjónustu sem Svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra sinntu til ársloka 2010 en tekur ekki til almennrar þjónustu sveitarfélaga samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr.40/1991, með síðari breytingum.

Fjárhagshlið þessa samnings er háð framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkvæmt almennum reglum sem settar hafa verið þar um.

2. GREIN

Markmið þessa samnings er að :

- Tryggja fötluðu fólki samþætta og heildstæða nærþjónustu.
- Laga þjónustu að þörfum og óskum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þeirra.
- Efla félagsþjónustu á svæðinu.
- Þróa samstarf sveitarfélaga á svæðinu.
- Stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta.

Grundvallarsjónarmið þessa samnings er byggt á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Meginreglur þessa samnings eru:

- Virðing fyrir mannlegri reisu, sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði þeirra.
- Bann við mismunun.
- Að fatlað fólk geti tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu án aðgreiningar.
- Virðing fyrir því sjónarmiði að fatlað fólks sé ólíkt og viðurkennt í þeim skilningi að um mannlega fjölbreytni og mannlegt eðli sé að ræða.
- Jöfn tækifæri.
- Aðgengi.
- Jafnrétti kynjanna.
- Virðing fyrir síbreytilegri getu fatlaðra barna og virðing fyrir rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína.

3. GREIN

Félagsþjónustuvæði annast almenna þjónustu við fatlað fólk, hvert á sínu starfssvæði. Verkefni samkvæmt samningi þessum eru:

- Ráðgjöf við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra.
- Hæfing og iðja.
- Skammtímadvöl.
- Stuðningsfjölskyldur.
- Rekstur búsetuþjónustu (sólarhringsþjónustu).
- Þjónusta til stuðnings í sjálfstæðri búsetu (Stoðþjónusta).

4. GREIN

Komið skal á innra eftirliti með þjónustu sem skal að lágmarki uppfylla opinberar kröfur sem gerðar eru til slíks eftirlits.

Árangur þjónustunnar skal metinn reglulega og skal matið meðal annars byggja á viðhorfum notenda þjónustunnar og aðstandenda þeirra.

Gefa skal út ársskýrslu um starfsemi þjónustusvæðisins, þar sem meðal annars skal gera grein fyrir tölulegum upplýsingum sem lýsa eðli, umfangi og kostnaði þjónustunnar. Í febrúar ár hvert óskar framkvæmdastjóri eftir samræmdum upplýsingum frá hverju félagsþjónustusvæði, þær upplýsingar skulu liggja til grundvallar ársskýrslu, félagsþjónustusvæðin skulu skila inn upplýsingunum eigi síðar en í lok mars ár hvert, Framkvæmdastjóri skal skila ársskýrslu eigi síðar en í 15. apríl ár hvert.

Í september/október ár hvert setur verksali fram starfsáætlun næsta árs í tengslum við fjárhagsáætlanagerð sveitarfélaganna sem mynda félagsþjónustusvæðin. Þar sé lýst meginmarkmiðum á starfssvæðinu og leiðum að þeim markmiðum.

II. KAFLI FJÁRMÁL, HÚSEIGNIR OG BÚNAÐUR, EFTIRLIT OG STARFSMANNAMÁL

5. GREIN

Verkkaupi (BsVest) greiðir 74,8% hlutfall af heildarfjármagni sem veitt er til málefna fatlaðs fólks samkvæmt fjárlögum ríkisins ár hvert, samkvæmt viðauka tvö sem er endurskoðaður ár hvert. Verði breytingar á þjónustu mun hlutfall greiðslu breytast í samræmi við mat verkefnahóps BsVest. Greiðslur verða inntar af hendi mánaðarlega. Í verkefnahópnum sitja félagsmálastjórar þjónustusvæðanna fjögurra og framkvæmdastjóri BsVest.

Hækkun útsvars vegna tilfærslu málefna fatlaðs fólks renni frá sveitarfélögunum til BsVest og þaðan til málefna fatlaðs fólks á Vestfjörðum, eftir því sem kveðið er á um í viðauka eitt.

6. GREIN

Félagsþjónustusvæði bera sjálf kostnað vegna almennrar þjónustu við fatlað fólk sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr.40/1991 með síðari breytingum.

III. KAFLI VANEFNDIR, MEÐFERÐ ÁGREININGS, GILDISTÍMI OG ENDURSKOÐUN

7. GREIN

Sýni verkkaupi fram á að verksali uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum getur það birt honum skriflega kröfugerð og krafist tafarlausra útbóta og sett hæfilegan tímafrest.

Hafi verksali ekki bætt úr annmörkum samningsins samkvæmt kröfugerð innan tímafrestsins hefur verkkaupi heimild til að fresta greiðslum samkvæmt ákvæði 2. töluliðar 9. gr. þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.

8. GREIN

Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum skal honum vísað til þriggja manna sáttanefndar. Í sáttanefnd skulu sitja þrír einstaklingar og skal einn tilnefndur af stjórn BsVest, einn af Velferðarráðuneytinu og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skal hann vera formaður.

Uni annar hvor samningsaðili ekki niðurstöðu sáttanefndar er honum heimilt að bera ágreininginn undir Héraðsdóm Vestfjarða.

9. GREIN

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2020. Samningurinn er ekki uppsegjanlegur nema með samþykki allra samningsaðila.

Breytist forsendur samningsins geta samningsaðilar farið fram á endurskoðun hans. Breyttar forsendur teljast m.a:

- Verulegar breytingar á ákvæðum laga um málefni fatlaðs fólks um umfang og gæði þjónustu við fatlað fólk.
- Sameining sveitarfélaga eða breytingar á mörkum félagsþjónustusvæða.
- Umtalsverð röskun á högum aðildarsveitarfélags sem gerir því ókleyft að efna ákvæði samningsins.
- Verulegar breytingar á fjárframlögum ríkisins til verkkaupa.

10. GREIN

Af samningi þessum skulu gerð þrjú samhljóða eintök og telst hvert þeirra fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu BsVest, eitt eintak í vörslu verksala og eitt eintak í vörslu Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Mars 2020
